

Svar

félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

1. *Hver yrði árlegur aukakostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef hætt yrði að skerða bætur vegna tekna lífeyrisþega, maka eða sambúðarmaka? Svar óskast sundurliðað eftir tekjum lífeyrisþega annars vegar og tekjum maka eða sambúðarmaka hins vegar.*

Ef hætt yrði að skerða bætur vegna eigin tekna lífeyrisþega yrði aukakostnaður ríkissjóðs 48.068 millj. kr. á ári, sbr. töflu 1.

**Tafla 1. Kostnaður ríkissjóðs ef hætt yrði að skerða bætur
vegna eigin tekna lífeyrisþega.**

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir	Samtals
Elli-/örorkulífeyrir	565	33.316	33.881
Aldurstengd örorkuuppbót	276		276
Tekjutrygging	6.504		6.504
Heimilisuppbót	419	1.896	2.315
Framfærsluuppbót	5.092		5.092
Samtals	12.856	35.212	48.068

Ef hætt yrði að skerða bætur vegna eigin atvinnutekna lífeyrisþega yrði aukakostnaður ríkissjóðs 5.673 millj. kr. á ári, sbr. töflu 2.

**Tafla 2. Kostnaður ríkissjóðs ef hætt yrði að skerða bætur
vegna eigin atvinnutekna lífeyrisþega.**

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir	Samtals
Elli-/örorkulífeyrir	497	2.356	2.853
Aldurstengd örorkuuppbót	254		254
Tekjutrygging	1.639		1.639
Heimilisuppbót	88	92	180
Framfærsluuppbót	747		747
Samtals	3.225	2.448	5.673

Ef hætt yrði að skerða bætur vegna eigin lífeyrissjóðstekna lífeyrisþega yrði aukakostnaður ríkissjóðs 37.012 millj. kr. á ári, sbr. töflu 3.

Tafla 3. Kostnaður ríkissjóðs ef hætt yrði að skerða bætur vegna eigin lífeyrissjóðstekna lífeyrisþega.

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir	Samtals
Elli-/örorkulífeyrir	0	27.884	27.884
Aldurstengd örorkuuppbot	0		0
Tekjutrygging	4.206		4.206
Heimilisuppbot	301	1.681	1.982
Framfærsluuppbot	2.940		2.940
Samtals	7.447	29.565	37.012

Tafla 4. Kostnaður ríkissjóðs ef hætt yrði að skerða bætur vegna eigin fjármagnstekna lífeyrisþega.

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir	Samtals
Elli-/örorkulífeyrir	36	3.504	3.540
Aldurstengd örorkuuppbot	11		11
Tekjutrygging	288		288
Heimilisuppbot	15	200	215
Framfærsluuppbot	173		173
Samtals	523	3.704	4.227

Ef hætt yrði að skerða bætur vegna annarra eigin tekna lífeyrisþega (liður 96 á skattframtali) yrði aukakostnaður ríkissjóðs 220 millj. kr. á ári, sbr. töflu 5.

Tafla 5. Kostnaður ríkissjóðs ef hætt yrði að skerða bætur vegna annarra eigin tekna lífeyrisþega.

	Örorkulífeyrir	Ellilífeyrir	Samtals
Elli-/örorkulífeyrir	17	89	106
Aldurstengd örorkuuppbot	6		6
Tekjutrygging	82		82
Heimilisuppbot	3	4	7
Framfærsluuppbot	19		19
Samtals	127	93	220

Ástæða þess að samanlagður kostnaður við að afnema tekjutengingar í einstökum tekjuliðum er lægri en heildarkostnaður við að hætta alfarið að skerða bætur vegna eigin tekna lífeyrisþega er sá að þegar einstaka tekjuliðir eru teknir út taka aðrir tekjuliðir alla krónu á móti krónu tengingu við framfærsluuppbot en þegar tekjutenging er alfarið afnumin þá skiptist sú skerðing hlutfallslega á milli allra tekjuliða.

Tenging við tekjur maka var felld niður í almannatryggingakerfinu í apríl 2008. Á þetta bæði við um lífeyrisþega í hjónabandi og í sambúð.

2. *Hver yrði árlegur aukakostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef örorkulífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark, 1.315.200 kr. á ári, óháð því hvaðan tekjur kæmu?*

Ekki kemur fram gagnvart hvaða bótaflokkum það frítekjumark sem hér er vísað til skuli gilda. Tekjutengdir bótaflokkar örorkulífeyrisþega eru margir og eru þeir allir með mismunandi frítekjumörk. Frítekjumark örorkulífeyris og aldurstengdrar örorkuuppbotar er 2.575.220 kr. á ári sem er talsvert hærra en það frítekjumark sem fram kemur í fyrirspurninni, 1.315.200 kr. á ári, en það er upphæð sértæks frítekjumarks atvinnutekna gagnvart tekjutryggingu og heimilisuppbot. Hér er því gert ráð fyrir að það sé aðeins gagnvart þeim bótaflokkum, þ.e. tekjutryggingu, heimilisuppbot og framfærsluuppbot, sem leggja eigi niður sértæku frítekjumörkin og taka upp eitt almennt frítekjumark sem nemur þessari upphæð. Að öðrum kosti myndu Kostnaður ríkissjóðs við breytinguna yrði 2.024 millj. kr. á ári, sbr. töflu 6.

Kostnaður ríkissjóðs við breytinguna yrði 2.024 millj. kr. á ári, sbr. töflu 6.

Tafla 6. Kostnaður ríkissjóðs ef örorkulífeyrisþegar hefðu eitt frítekjumark við útreikning tekjutryggingar, heimilisuppbotar og framfærsluuppbotar.

Örorkulífeyrir	0
Aldurstengd örorkuuppbot	0
Tekjutrygging	1.935
Heimilisuppbot	157
Framfærsluuppbot	-68
Samtals	2.024

Ástæða þess að kostnaður vegna framfærsluuppbotar lækkar er sú að hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbotar leiðir til lækkunar á greiðslum framfærsluuppbotar.

Vert er að taka fram að þær fjárhæðir sem hér koma fram sýna heildaráhrif breytinganna og hafa þá einnig verið taldir með þeim sem myndu fá lægri bætur vegna hennar, en rúmlega tvö þúsund örorkulífeyrisþegar mundu tapa á breytingunni og mundi sú fjárhæð verða hæst 17.628 kr. á mánuði hjá þeim sem fullnýta í dag öll sértæku frítekjumörkin og fá bæði greidda tekjutryggingu og heimilisuppbot.

3. *Hver yrði árlegur aukakostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið af því að fella sérstaka uppbot á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð inn í tekjutryggingu skv. 22. gr. laga um almannatryggingar þannig að hætt yrði að skerða uppbotina „krónu á móti krónu“ vegna annarra tekna lífeyrisþega?*

Fjárhæð framfærsluuppbotar hjá tekjulausum örorkulífeyrisþegum fer eftir því hversu háa upphæð þeir fá í aldurstengda örorkuuppbot og eftir því hvort þeir búa einir eða ekki. Fjárhæðin fer úr því að vera 4.953 kr. á mánuði hjá þeim sem búa með öðrum og eru með hæstu mögulegu aldurstengda örorkuuppbot í að vera 59.000 kr. á mánuði hjá þeim sem búa einir og eru með lægstu mögulegu aldurstengda örorkuuppbot. Þetta leiðir til þess að ef komast á hjá því að hluti öryrkja fái lægri bætur en áður vegna þessarar breytingar þarf hækkun tekjutryggingar að vera jafn há og framfærsluuppbotin sem lögð er niður getur mest orðið.

Því er hér miðað við að framfærsluuppbot verði lögð niður en í staðinn verði tekjutryggingin hækkuð um 59.000 kr. á mánuði. Miðað við þá forsendu verður kostnaður ríkissjóðs við þessa breytingu 10.893 millj. kr. á ári, sbr. töflu 7.

Tafla 7. Kostnaður ríkissjóðs ef framfærsluuppbot yrði lögð niður og tekjutrygging hækkuð um 59.000 kr. á mánuði.

Örorkulífeyrir	0
Aldurstengd örorkuuppbot	0
Tekjutrygging	13.039
Heimilisuppbot	114
Framfærsluuppbot	-2.260
Samtals	10.893